

nr. 92/85/EBE frá 19. október 1992, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (tíunda sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 91/383/EBE frá 25. júní 1991, um starfsmenn í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

Reglugerð þessi er jafnframt sett með hliðsjón af þriðju tilskipun ráðsins nr. 80/1107/EEC en tilskipun nr. 86/188 hávaðaeftirlit og heyrnareftirlit starfsmanna er sett samkvæmt henni svo og tilskipun nr. 83/477/EBE og 91/382 um asbestos efni á vinnustað.

Samgönguráðuneytinu, 5. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

30. september 1999

Nr. 681

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 12/1999 um breytingu í samræmi við 3. gr. og 12. gr. laga nr. 154/1998 á reglum samkvæmt auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 8/1997 um jöfnunarverðmæti hlutabréfa samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996.

1. gr.

1. málslíður 1. gr. reglnanna falli niður.

2. gr.

Í stað orðanna: „með framtalsskilum á árunum 1997, 1998 eða 1999“ í 1. mgr. 10. gr. reglnanna komi orðin: í síðasta lagi í árslok 1999.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 11. gr.:

a) Við 1. mgr. greinarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996, þegar það hefur verið framreiknað samkvæmt verðbreytingarstuðli til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

b) Í stað orðanna „með skattframtali 1999“ í 3. mgr. 11. gr. reglnanna komi orðin: í árslok 1999.

4. gr.

12. og 13. gr. reglnanna falli niður.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1997, sbr. og 3. og 12. gr. laga nr. 154/1998. Gilda þær um mat á jöfnunarverðmæti hlutabréfa sem lokið skal fyrir árslok 1999.

Reykjavík, 30. september 1999.

Indriði H. Þorláksson.